

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins

Tilvísun: 00060002

Ár 2017, föstudaginn 2. júní 2017, var haldinn 163. stjórnarfundur Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. Fundurinn var haldinn í Skógarhlíð 14 og hófst kl. 9.25. Viðstödd voru Dagur B. Eggertsson, Ármann Kr. Ólafsson, Gunnar Einarsson, Haraldur Líndal Haraldsson, Haraldur Sverrisson og Ásgerður Halldórsdóttir. Þorsteinn Einarsson, lögmaður frá Forum, sat fundinn undir lið 1. Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri Reykjavíkurborgar, sat fundinn undir liðum 1 – 5. Jafnframt sátu fundinn Birgir Finnsson, varaslökkviliðsstjóri, Bjarni Kjartansson, sviðsstjóri forvarnasviðs og Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri skrifstofu slökkviliðsstjóra. Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson, formaður. Fundarritari var Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram dómur hæstaréttar í máli Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gegn Íslandsbanka vegna ólögmætra gengislána sem féll þann 6. apríl sl.

Þorsteinn Einarsson, lögmaður, tók sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram bréf, dags. 4. apríl 2017, vegna breytinga á A-deild Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997 og áhrif þeirra. Einnig lagður fram tölvupóstur frá Birgi Birni Sigurjónssyni, dags. 4. apríl 2017, um skiptingu uppgjörs Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins við Brú lífeyrissjóð. Stjórn ákveður að endurgreiðsla Íslandsbanka vegna dóms Hæstaréttar gangi upp í uppgjör Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins til Brúar. Fundað verður sérstaklega á vettvangi SSH um áhrif breytinganna og hvernig bregðast skuli við þeim.

Birgir Björn Sigurjónsson tók sæti á fundinum undir þessum lið

3. Lögð fram endurskoðuð fjárhagsáætlun slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2017 á grundvelli niðurstöðu rekstrarúttektar skv. ákvörðun stjórnar á 155. fundi sínum í júní 2016. Einnig lagt fram minnisblað SHS vegna breytinga á fjárhagsáætlun 2017, dags. 2. júní 2017. Frestað.
4. Fram fer kynning á áhuga embættis landlæknis á því að semja við SHS um aðgang íslenskra sjúkraflutningsaðila að boðunar- og leiðsögukerfi fyrir sjúkrabíla sem hannað er og notað hjá SHS. Lögð fram drög að samningi við Landlæknisembættið um boðunar- og leiðsögukerfi fyrir sjúkrabíla, ódagsett. Stjórn samþykkir að gengið verði til samninga við Embætti landlæknis um boðunar- og leiðsögukerfi fyrir sjúkrabíla.
5. Lagður fram árshlutareikningur SHS fyrir janúar-mars 2017Eftirfarandi lagt fram: Einnig lagður fram árshlutareikningur SHS samstæðu jan. – mars 2017, dags. 2. júní 2017, og árshlutareikningur SHS fasteigna jan. – mars 2017, dags. 2. júní 2017. Samþykkt.
6. Fram fer kynning á stöðu mála varðandi vinnslu brunavarnaáætlunar sem verður afhent Mannvirkjastofnun í næstu viku til skoðunar og álitsgjafar.
7. Lagt fram minnisblað SHS um kortlagningu á óleyfisbúsetu í atvinnuhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, dags. 2. júní 2017. Bjarni Kjartansson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
8. Lögð fram verklagsregla um upplýsingagjöf innri endurskoðenda til endurskoðunarnefndar og stjórnar, sem samþykkt var af endurskoðunarnefnd Reykjavíkur 3. apríl 2017. Samþykkt

Fundi slitið klukkan 10.45

Fylgiskjöl:

- Arsreikningur SHS samstæðu 2016, dags. 24. mars 2017.
- Dómur Hæstaréttar í máli SHS gegn Íslandsbanka, dags. 6. apríl 2017.
- Bréf; Breyting á A deild Brúar lífeyrissjóðs vegna breytinga á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. 1/1997, dags. 4. apríl 2017.
- Tp. frá BBS um skiptingu uppgjors við Brú lífeyrissjóð, dags. 23. maí 2017.
- Endurskoðuð fjárhagsáætlun SHS 2017, dags. 31. maí 2017.
- Minnisblað SHS vegna breytinga á fjárhagsáætlun 2017, dags. 2. júní 2017.
- Drög að samningi við Landlæknisembættið um boðunar- og leiðsögukerfi fyrir sjúkrabíla, ódagsett.
- Árshlutareikningur SHS samstæðu jan. – mars 2017, dags. 2. júní 2017.
- Árshlutareikningur SHS fasteigna jan. – mars 2017, dags. 2. júní 2017.
- Árshlutareikningur AHS jan. – mars 2017, dags. 2. júní 2017.
- Minnisblað SHS um kortlagningu á óleyfisbúsetu í atvinnuhúsnæði, dags. 2. júní 2017.
- Verklag um upplýsingagjöf innri endurskoðenda til endurskoðunarnefndar og stjórnar, dags. 3. apríl 2017.

Dagur B. Eggertsson

Gunnar Einarsson
Ármann Kr. Ólafsson
Haraldur L. Haraldsson

Ásgerður Halldórsdóttir
Haraldur Sverrisson